

Kalka sorpeyðingarstöð sf.
Steinþór Þórðarson / Ingþór Karlsson
Berghólabraut 7
230 Reykjaneshús

Reykjavík, 16. janúar 2020
UST201901-191/gf
08.14.02

Varðar reglubundið seinna eftirlit hjá Kölku sorpeyðingarstöð sf. í Helguvík.

Þann 5. desember sl. fór fram reglubundið seinna eftirlit með sorpbrennslu Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. í Helguvík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær ábendingar voru gerðar. Rekstraraðila var bent á að bæta þarf árekstrarvarnir við eldsneytisgeymi á starfssvæðinu. Eins að verja þarf flugósku (spilliefni) fyrir veðri (úrkomu) með yfirbreiðslum eða að flytja flugóskuna í hús.

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst við eftirlit. Við símaelingar í útblæstri fara toppar í styrk SO₂, HCl og NOx yfir losunarmörk sem gefin eru upp í starfsleyfi.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 7. febrúar 2020.

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Sverrir Aðalsteinn Jónsson

Afrit:

Heilbrigðisnefnd Suðurnesjasvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kalka sorpeyðingastöð sf. Kalka, Berghólabraut, Helguvík



Dags eftirlits	5.12.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Kalka sorpeyðingastöð sf.	Eftirlitsmaður	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Heimili	Berghólabraut 7	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5312780469	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Steinþór Þórðarson	ÍSAT nr.	38.21.0,38.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ingþór Karlsson	Staðsetning	325484,211 396471,342

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst, en SO₂, HCl og NO_x fara í mörgum tilvikum yfir losunarmörk sem sett eru í starfsleyfi.

Tvær ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Á fundinn voru mættir Steinþór Þórðarson og Ingþór Karlsson, fulltrúar rekstraraðila og Sverrir Aðalsteinn Jónsson og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Dagskrá:

1. Stutt skoðunarferð um Kölku sorpeyðingastöð og aðstöðu á lóð.
2. Fundur
 - a. Kynning rekstraraðila á starfseminni
 - b. Staða á frávikum og ábendingum
 - c. Farið yfir kröfur í starfsleyfi og stöðu rekstraraðila gagnvart þeim.
 - d. Ný reglugerð um mengunarvarnareftirlit og ákvæði um tilföni eftirlits
 - e. Áhersluverkefni Umhverfisstofnunar um tilkynningar til stofnunarinnar
 - f. Önnur mál - tilkynningar og kvartanir
3. Samantekt og kvittun

1. Skoðunarferð um fyrirtækið

Eftirlitið hófst á skoðunarferð um aðstöðuna á Berghólabraut 7 með Ingþóri Karlssyni rekstrarstjóra brennslu. Skoðuð var ný spilliefnageymsla og geymsluaðstaða fyrir sóttmengáðan úrgang. Eins var skoðaður gámur með áhættuvefjum (nautshausum) sem biðu brennslu. Skoðuð var innmötunarbúnaður brennsluofsins en síðan farið niður fyrir húsið og skoðuð aðstaða til aðskilnaðar á botnösku og málmum. Á bak við hús er eldsneytisgeymir og er rekstraraðila bent á að setja upp árekstravarnir við geyminn. Austan húss er aðstaða til að þjónusta reykhlreinsivirkir og þar hafa safnast upp mikil magn af sekkjum með flugösku. Samkvæmt rekstraraðila hefur útflutningur á flugösku dregist og því er geymsluhúsnæði í Njarðvík að fyllast og flugaska safnast upp á lóð sorpbrennslunnar. Útflutningur á flugóskunni biður skips sem áætlað er að komi til Njarðvíkur 22. janúar nk. Flugaska er spilliefni og eru í gildi ákveðnar reglur um spilliefnageymslur. Geymsla í stórsekkjum utandyra er ekki ásættanleg. Í grein 3.12 í starfsleyfi er krafa um að úrkomuvatn komist ekki að spilliefnum. Afrennsli af geymslusvæðinu þar sem flugaskan er geymd mun hafa óæskileg áhrif á efnasamsetningu frárennslis. Flytja skal flugóskuna í hús eða verja sekkina fyrir úrkому.

2. Fundur

Steinþór Þórðarson er nýlega tekinn við sem framkvæmdastjóri Kölku sorpeyðingastöðvar sf. Kalka tekur á móti á sorpi frá sveitarfélögum, íbúum og fyrirtækjum á starfsvæði stöðvarinnar. Þar er einnig rekið gámasvæði fyrir almenning sem og í Grindavík og Vogum, þar sem íbúar svæðisins geta komið með úrgang frá heimilum til endurvinnslu og eyðingar.

- a. Steinþór kynnti starfsemi sorpeyðingastöðvarinnar.

Meðal annars kom fram í máli hans að um 18.000 tonn af úrgangi var eytt á árinu, þar af ca. 325 tonn af sóttmenguðum úrgangi og ca. 768 tonnum af spilliefnum.

- b. Byggingu spilliefnageymslu og hreinsivirkir sem því tengist er lokið.

Smíði botnökugeymslu hefur ekki enn hafist. Rekstraraðilar segja endurhönnun verkefnisins standa yfir. Þrengsli á lóð Kölku gerir það að verkum að nú er fyrirhugað að búa til aðstöðu fyrir flutningseiningar (hálfgáma) og hafa tilðari ferðir á urðunarstaðinn í Álfnesi. Þannig mætti afleggja geymsluaðstöðu á lóð vestan við brennsluna. Fulltrúar Kölku eru að láta efnagreina sýni af botnösku og vilja kanna möguleika á nýtingu botnöskunnar. Upplýsingar um niðurstöðu þess máls ætti að liggja fyrir eigi síðar en 1. apríl nk.

Aðstaða fyrir plastúrgang á lóð við Hafnarveg hefur verið tæmd og hreinsuð og því verður ekkert af hökkun

(rúmmálsminnkun) fiskikerjanna og málínu lokað.

Rætt var um toppa í HCl, SO₂ og NO_x í útblæstri sem fram koma í símaelingum og hvað er til ráða. Í grein 5.4 í starfsleyfi eru sett losunarmörk fyrir HCl og SO₂ ásamt fleiri efnum. Losunarmörk fyrir HCl (daglegt meðalgildi) er 10 mg/m³ og losunarmörk fyrir SO₂ (daglegt meðalgildi) er 50 mg/m³. Útblástur fer stundum yfir losunarmörk og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Gæti aukin blöndun sorps við innmötun bæta ástandið og fækkað mengunartoppum?

c. Farið var yfir leyfilegt umfang Kólkú í starfsleyfinu. Öll gildi eru innan marka.

Áætlani sem um er getið í starfsleyfi liggja fyrir eða eru í vinnslu hjá rekstraraðila. Vöktunaráætlun er til umfjöllunar hjá stofnuninni en Umhverfisstofnun skal samþykkja vöktunaráætlunina. Samþykkar er vænst fyrir áramót. Skýrslur hafa aðal borist innan tímamarka sem sett eru. Góð skil er á niðurstöðum símaelinga í skorsteini og árlega skal mæla efni í frárennslí olíuskilja og söfnunarþróa og eins skal skila útblástursmælingu. Skrá skal viðhald og þjónustu við söfnunarþrær og olíuskiljur sem og hreinsivirkir í útblæstri. Samantekt á kröfum til skráninga eru í grein 5.1 í starfsleyfi.

d. Ný reglugerð nr. 550/2018 kveður á um kerfisbundið mat á umhverfisáhættu til þess að ákveða tilöni eftirlits. Þá skulu sambærilegar urðunarstaðir bornir saman og metið út frá því hvar stofnunin ætti að vera að beita sér. Nánar er gerð grein fyrir kerfisbundna áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit sem er á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Tilöni eftirlits skal vera á bilinu amk. eitt eftirlit á ári fyrir þá starfsemi sem veldur mestri áhættu, til þess að vera á þriggja ára fresti fyrir fyrirtæki sem valda minnstri áhættu.

e. Áhersluverkefni eftirlitsmannna í mengunarvarnareftiliti þetta árið er að fara yfir og skýra hvernig standa skal að tilkynningum til stofnunarinnar vegna mengunaróhappa. Lögð var áhersla á að tilkynningar til stofnunarinnar skal senda á tölvupóstfangið ust@ust.is. Rekstraraðila var bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína til þess að endurspeglar þetta.

f. Engar kvartanir hafa borist vegna reksturs sorpbrennslunnar. Engin mengunaróhöpp hafa orðið á árinu.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

kröfum í grein 5.4 í starfsleyfi

Símaelingar sýna að toppar verða í losun efna í útblæstri.

Topparnir eru umfram leyfilega losun sem gefin er upp í starfsleyfi.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að setja upp árekstrarvarnir við eldsneytisgeymi á starfssvæðinu.

Rekstraraðila er bent á að verja spilliefni (flugösku) fyrir rigningu og/eða flytja flugöskuna inn í hús.


ANNAÐ

Ný tímasett áætlun um byggingu aðstöðu fyrir botnösku kom fram í eftilitinu. Verklok eru áætluð í apríl 2021. Skoðast það sem tímasett úrbótaáætlun.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í págu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.01.2020


Gottskálk Friðgeirsson

bls. 4